

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014, Kvistir og Mýrarsel.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 5. september 2011 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014 frá 4. janúar 2005.

Breytingin felst í eftirfarandi:

8,4 ha landbúnaðarsvæði syðst í landi Kvista er breytt í blandað íbúðar- og landbúnaðarsvæði þar sem gert er ráð fyrir allt að fjórum 1,5-2 ha íbúðarlóðum.

3 ha svæði fyrir frístundabyggð syðst í landi Mýrarsels er breytt í blandað íbúðar- og landbúnaðarsvæði og er gert ráð fyrir 0,5-0,8 ha íbúðarlóðum sem áður voru skilgreindar fyrir frístundahús.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 5. september 2011.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Íris Bjargmundsdóttir.